

# SIGURNÁND

Það sem ég óska mér umfram allt, er að mæta rétttri hugsun. Hið eina, sem ég hræðist er hið ranga hugarfar og það sem þaðan er.

## I

Í nokkur ár, lengri en hvað þau eru mörg, hefi ég vitað það sem þarf til þess að gjörbreytt verði högum mannkynsins. Þó að þetta séu stór orð, hika ég ekki við að skrifa þau, því að þau eru sönn. Margra ára viðleitni mín á að vita eitt-hvað í heimsfræði, jarðfræði, líffræði og þar með mannkynssögu, hafði loks borið þann ávöxt, að ég sá út yfir það, sem menn höfðu álitnið endimörk mannlegrar þekkingar. Nýja birtu lagði fyrir augum mínum yfir fortíð og framtíð, og ég skildi hvernig fara mundi, ef haldið yrði áfram þessa leið, sem hingað til hefir farin verið. Dag og nótt velti ég því nú fyrir mér, hvernig ég gæti skýrt fyrir mönnum, það sem ég hafði fundið, þannig að nægði til að vekja þann áhuga á að verða mér samtaka, sem vera þarf til þess að aldaskiptin geti orðið, þau sem ég sá fram á.

Árangurinn af þessari viðleitni minni varð bók sú, sem ég hefi nefnt Nýal, og ýmsar ritgerðir aðrar, sem sumar hafa komið í blöðum og tímaritum, en miklu fleiri eru ófullgerðar og óprentaðar. Auk þess skrifaði ég á ensku, þýsku, dönsku og íslensku fjölda bréfa, þegar mér virtust nokkrar líkur til, að ég gæti á þann hátt komið einhverju áleiðis. Var þá stundum skrifað meir af kappi en forsjá, svo að t. d. eitt bréfið varð 67 arkarsíður; en þó er nú langt orðið síðan mér lærðist hafa bréfin ekki of löng. Flestir hafa svarað bréfum mínum, og helst og best þeir sem vitrastir eru, einsog t. a. m. prófessor Macmillan Brown, sem ég tel ágætastan þeirra rithöfunda á enska tungu, sem nú eru uppi, og Emil Coué í Nancy, sem mun vera frægastur læknir nú. En þó var ekki svo sem þurfti, vaknað við því, hvað um var verið að rita.

Síðan Nýall kom út hefi ég fengið fjölda af ágætum bréfum og sum hin bestu vestan um haf. En sumir hafa gert það sem ennþá betra er, skrifað í blöðin og hvatt menn til þess að kynna sér þessi íslensku fræði. Slikar undirtektir eru velgerðir, og mun ég þakka það allt saman síðar, þegar mér tekst betur að lifna og ná kröftum mínum.

## II

Einhverja nóttina á jólunum settist ég við skrifborð mitt nokkru eftir miðnætti og fór að lesa tímaritshefti, sem sent hafði mér vinur minn einn, sem á Þýskalandi dvelur, efnilegur rithöfundur og tónlistarfræðingur. Ég hefi um ekki allfá ár, þekkt það ástand sem ánægja heitir, helst af spurn. En þegar ég leit á bls. 651 í þessu hefti, þá varð ég var við það, sem talsvert líkist þessari tilfinning. Það sem á þessari síðu stóð, var bréf frá mér til ritstjórans. Tímaritið heitir Psychische Studien, og er þeirra merkast og frægast, sem við þau efni fást, heimstímarit, sem kemur í allar álfur og allar heldri borgir. Ritstjóraskipti höfðu orðið við tímarit þetta, og þegar ég sá, að tekið hafði við stjörnufræðingurinn dr. Kritzinger, skrifaði ég honum. Og þarna sá ég að hinn stjörnufróði maður hafði reynst mér jafnvel ennþá betur en ég bjóst við, þar sem hann lét prenta bréfið þó að ég hefði ekki beðið þess. Í bréfinu er sagt frá uppgötvun minni á eðli svefns og drauma, og þar standa orðin epagógik — sem er nafnið á hinum nýju vísindum — og bioinduktion. Einnig er þar minnst á hið afarþýðingarmikla náttúrulögmál sem ég hefi fundið, og kalla stillilögmál, law of determinants. Ég hefi frétt, að þetta hefti tímaritsins (des. 1922) sé alveg uppselt, og meðal þeirra mörgu þúsunda, sem bréf mitt líta, munu verða þeir vitmenn sem láta sér koma til hugar að haga svo tilraunum sem þar er ráðlagt. En þá er skammt til sigurs, þegar það verður gert.

## III

Aðra bók ætla ég að minnst hér á, sem einnig sýnir að aldaskipti eru í nánd. Blue Island heitir hún, Bláa eyjan, og



er framlífssaga. W. T. Stead, ritstjórinn mikli, sem drukknaði þegar jötunskipið Titanic fórst, vorið 1912, segir þar frá ævi sinni eftir andlátíð. Söguna hefir ritað miðillinn P. Woodman, fyrir þannig löguð áhrif frá Stead, sem lýst er í ritgerðinni Stjörnulíffræði, en dóttir hins látna, Estelle Stead, þó viðstödd (hún er stillir eða determinant). — Í tímaritshefti, sem liggur hér á borðinu, Occult Review, jan. 1923, er ritdómur um þessa framlífssögu, en ekki er þar einu orði minnst á það sem mér þykir merkilegast í bókinni.

Stead segir frá því (s. 38) hversu fyrst varð nokkur bið á, þangað til allir höfðu safnast saman, sem drukknað höfðu með honum; en svo var lagt af stað „til annars lands“ (to a different land). „Það var skritið ferðalag“ — segir hann — „það var eins og að sendast beint í loft upp með ógurlegum hraða. Í heild sinni var hreyfingin á okkur eins og vér værum á mjög víðum palli, sem slöngt væri í loft upp, með jötunafli og hraða.“ — Þetta er ekki ófróðleg upplýsing, því að af henni virðist mega ráða, að Stead hafi orðið var við möndulsnúning jarðarinnar, um leið og hann var að yfirgefa hana. — „Ég get ekki sagt“ — segir hann enn fremur — „hve lengi vér vorum á leiðinni, eða hversu fjarri jörðu var komið fram, en dýrðarfagurt var þar að koma. Það var líkt og að yfirgefa ykkar enska vetrarskuggsýni og koma fram undir skínandi himni Indlands.“

Ég ætla að giska á að ferðin, eftir að samstillingunni hafði verið náð við aflsvæðið (das vitale Kraftfeld) þar sem koma átti fram, og skapa sér nýan líkama, á þann hátt sem sagt er í „Stjörnulíffræði,“ hafi ekki tekið nema örlítið brot úr sekúndu, en að fjarlægðin frá jörðu hafi verið billjónir mílna nokkuð margar.

Þar næst koma orð, sem mér var mikil hressing að sjá. „Allt var þarna eins líkamlegt (physical)“ — segir Stead — „og að öllu leyti, gersamlega eins af nokkru efni gjört (material) og heimur sá, sem vér höfðum nýlega kvatt.“

Þarna er það tekið framt skýrt og skorinort, að heimurinn, þar sem hinir dáu koma fram, er einmitt ekki andaheimur, og er þetta ennþá eftirtektarverðara vegna þess, að



ráða má af bókinni annars, að miðill og stillir trúá eindregið á andaheim, og skilja ekki, heldur en aðrir spíritistar, hvað það er, sem í raun réttir er verið að reyna til að segja frá. Og þó nær hinn mikli sannleikur fram að koma, eins og enn mun sýnt verða betur.

S.45 segir svo: „Annað sem vakti mjög eftirtekt mína, var litblær sá, sem þarna var á öllu; það er erfitt að segja, hvernig England mundi þykja vera á litinn, svona yfirleitt, en ég býst við að það mundi verða talið grágrænt. En hér á þessum stað var engin óvissa um litaráhrifin; það var alveg óefað blár litur er réði, hinn ljósari tegund af dimmbláu. Það sem ég á við, er ekki að allt saman hafi verið *blátt*, fólkið, trén, húsin o.s.frv. en aðaláhrifin af landinu voru blá.“

Menn sjá, að þetta, sem hér er sagt, er eins auðskilið og það er fróðlegt. Stead er kominn fram á jarðstjörnu sem er í öðru sólhverfi, og sólin er þar á litinn fagurblá. Ljósíð yfir landinu er blátt. Stjörnufræðingum er það vel kunnugt, að sólirnar eru með ýmsum litum mjög dýrðlegum, fagurrauðar sumar, en aðrar grænar eða bláar. Og seinna kemur mjög skemmtilega fram, að þetta bláa „land“, sem Stead er að reyna að láta miðilinn rita um, eða bláa eyjan, er í raun réttir önnur stjarna. S. 116 segir svo: „Ég hafði fengið að vita að það væru til önnur lönd (lands) en þessi eyja (þ.e. bláa eyjan), og í fyrstu virtist mér þetta eins ótrúlegt og mörgum sem nú eru á jörðinni, virðist það vera, að þetta land geti verið til; en þó kom þar að farið var með mig til þessara annarra sviða (spheres). Ég get ekki sagt hvar þau eru, en það var eins og að ferðast á milli stjarnanna, (enskan er hér þýdd orðrétt, án þess að laga nokkuð setningar). *Það virtist svo sem vér yfirgæfum okkar heim* (eða hnött, world) *og færnum gegnum geiminn þangað til vér komum til annarrar stjörnu, annars lands.*“ (Leturbreytingin eftir mig).

Vissulega er það stórmerkilegt, að sjá nú hér hvernig hinn mikli sannleikur brýst í gegnum alla misskilningsþokuna. Hinn ágæti journalisti William Stead, tíðindamaðurinn mikli, er talinn var einna fremstur í sinni mennt, hefir engan

sigur eins fagran unnið sem fréttafærir meðan hann lifði hér á jörðu, eins og þenna, sem hann vinnur eftir að hann er fluttur til annarrar stjörnu. Stead sýnir þarna betur en nokkru sinni áður, að hann er af sænskum ættum. En í að auka þekkingu á náttúrunni, hafa hinir fegurstu sænsku sigrar unnir verið.

#### IV

Vér skulum rannsaka nokkuð þessar sigursælu setningar. Það virðist vera bull, sem fyrst er ritað, þar sem segir, að honum hafi í fyrstu virst ótrúlegt mjög, að til væru önnur lönd en eyjan þar sem hann átti heima. En allt verður skiljanlegt þegar þess er gætt, að vegna þess, að stillir og miðill skilja ekki hvað um ræðir, þá skrifar miðillinn „lands“ (lönd) þar sem Stead er að reyna að fá hann til að skrifa „stars“ (stjörnur). En það er ekki ólíklegt, að Stead, sem dó í trúnni á andaheim, og vissi alls ekki á hvern hátt lífið heldur áfram, hafi í fyrstu ekki áttað sig á því, að hann var kominn til annarrar stjörnu, og þá því síður getað skilið, að það væri til enn aðrar stjörnur, byggðar framliðnum og öðrum. Og það er yfirleitt mjög sennilegt, að margir þeir, sem framliðnir eru, átti sig alls ekki á því fyrst, að þeir eru komnir fram á annarri stjörnu í öðru sólhverfi, en haldi, að þeir séu nú í andaheiminum, í himnaríki eða helvíti, eftir ástæðum. Og er ekkert að vita, nema sumir séu þeir framliðnir, sem nú á þessum síðustu árum gengur fljótar að átta sig en áður hefir verið, og minnst með þakklæti ritgerða eftir náttúrufræðing, sem veit eigi einungis að lífið heldur áfram eftir dauðann, heldur einnig á hvern hátt það heldur áfram, en þeir höfðu í fyrstu lesið, án þess að meta þær alveg að verðleikum.

Eftir á mun þykja furðu gegna, að menn skuli ekki fyrir löngu hafa skilið þessar lýsingar á bústöðum framliðinna, þar sem kemur svo greinilega fram, að það eru aðrar stjörnur, sem verið er að lýsa, en ekki neinn andaheimur. Í fyrstu ritgerðinni í Nýal, hefi ég sýnt fram á, hvernig hinn mikli vísindasníllingur og rithöfundur Emanuel Swedenborg, er í



raun réttari að lýsa jarðstjörnu, sem alltaf snýr sömu hlið að sól, þegar hann sjálfur hyggst vera að lýsa hinum andlega heimi. Og enn hefi ég sýnt hið sama um aðra andaheimslýsingu (En Vandrer i Aandeverdenerne, A Wanderer in the Spirit Lands), þar sem er mjög merkilega sagt frá jurtagróðri í Myrkheimum. Má þar alveg ganga úr skugga um, að þar er verið að lýsa jötunvöxnum sveppum, þó að ekki hafi sá, sem lýsinguna ritar, neinn grun um það. Og svo greinileg er lýsingin, að það má jafnvel ákveða ættina, sem sveppir þessir teljast til (*Lycoperdaceæ*). Hver vitmaður, sem íhugar þessa rannsókn mína nokkuð rækilega, mun glöggst skilja, að það er ekki nokkur leið að það geti verið af tilviljun, sem menn lýsa andaheiminum þannig að lýsingin á við stjörnu, slíka sem ég hefi sagt. Það er með öðrum orðum fullkomlega víst, að það er einmitt verið að lýsa slíkum stjörnum og lífinu þar, en alls ekki neinum yfirnáttúrlegum og óskiljanlegum andaheimi. Svo ljóst er mér það mál, að ég mundi alóhræddur leggja þar að veði eigi einungis höfuð mitt, heldur allt sem ég hefði að tapa að eilífu.

Víkjum aftur að rannsókninni á hinum sigursælu setningum. Það er enn eftirtektarvert, að miðillinn skrifar fyrst „lands“, þar sem á að standa „stars“; því næst þokar Stead honum upp í að skrifa „spheres“ í staðinn fyrir „stars“ (það kemur þar til greina að hin eiginlega merking orðsins, „sphere“ er hnöttur). Og loks leiftrar svo hinn stórkostlegi sannleikur í gegn, og hið rétta orð er skrifað. En þó tekur hann sig á, og eftir að Stead hefir fengið hann til að skrifa „another star“, bætir hann við frá sjálfum sér, og þó ekki síður fyrir áhrif stillisins, „another land“! Og eftir það birtir ekki upp aftur.

## V

Nokkur grunur vaknaði nú hjá mér um það, að ekki mundi verða nægilega tekið eftir, hversu merkileg þessi bók er. Og ritdómurinn í *Occult Review*, sem ég gat um áðan, sýnir, að sá grunur er ekki ástæðulaus. Ég skrifaði því til áréttingar þessum merkilegu setningum, sem hinum mikla

ritstjóra hafði tekist að koma í gegn, Miss Stead, Sir Oliver Lodge og Sir Arthur Conan Doyle, sem ritað hefir formála fyrir bókinni. Nú veit ég að vísu, að þessum miklu mönnum mun vera næst skapi að halda, að þeir þurfi ekkert af Íslendingi að læra um hin stærri mál og hin stærstu. En þó voru bréfin eins örugglega rituð og einungis verður, þegar af réttum skilningi er skrifað. Og jafnvel þó að þeim yrði ekki tekið sem skyldi, þá munu þau samt verða til þess, að greiðara verður eftir en áður, að koma fram sannleikanum. Í bréf þau, sem ég hefi skrifað nú síðast, hefi ég oft sett orðin we are on the eve of interstellar communication (samband við aðrar stjörnur er alveg fyrir dyrum). Og þau orð munu sannast. Það er skammt til sigurs, og má þó ekki öllu seinna vera, ef að sumir eiga lífi að halda, því að við ramman hefir verið reip að draga. En með sigrinum kemur nýtt líf, svo að fleirum en mér mun finnast sem þeir hafi varla lifandi verið fyrr. Bæði hér og í öðrum löndum munu menn skilja miklu betur en nú, að samtök og samtakahugur er það skilyrði fyrir framförum, sem ekki verður án verið. Yfirráðin yfir kröftum náttúrunnar munu margfaldast, Ísland munum vér gera að góðu landi og Reykjavík að fagurri borg. Þjóð vor mun komast úr álögunum þannig, að allir skilji, hvert hennar hlutverk er, og engum geti blandast hugur um, að það er konungsætt mannkynsins, sem þetta land byggir.

## VI

Hversu fljót umskiptin verða, er undir því komið, hvernig menn taka máli mínu. Undir því er allt komið. Fengi mál mitt engan framgang, þá mundu umskiptin verða til hins verra, eins og raunar vel má skilja af þeim atburðum, sem orðið hafa þessi síðustu tíu ár. Að taka undir með mér, er hin rétta stefna. Nú ríður á að skilja, að þetta fyrirtæki, sem hér hefir svo hávaðalítið hafið verið, er í eðli sínu mjög óskylt framferði ýmissa forfeðra vorra og frænda, sem konungar hafa verið á Norðurlöndum. Hér býr ekki undir neinn vilji til að fá menn til að gangast undir einhverjar álögur, eða kúgun af nokkurri tegund. Einnig þeir eru með



mér sem sýna fram á villur í ritgerðum mínum og kenningum, eða koma fram með ný sannindi til uppbótar og viðauka. Og finna mun hver og einn, þegar mín kenning verður þegin, að álit hans eykst, og hans sérstaka starf mun betur ganga en áður. Þegar hugarfarið er orðið á þá leið, að betra verður til sambands við þessa lengra komnu frændur vora, sem forfeðurnir kölluðu guði, mun jörð og sær gefa tvöfalt og þrefalt við það, sem nú er. Og þó er ekki allt sagt, enda þarf mikils við, áður vér komum högum þjóðar vorrar í það horf, sem vera þarf.

Það er bjart yfir íslenskri framtíð. En reyna ættu menn að varast allt það sem tefur fyrir umskiptunum. Og varast ættu menn það, sem sumir hafa þó gert, að dæma mál mitt eftir einhverjum tískutjóðursannfæringum, án þess að hafa kynnt sér kenningar mínar. Fjarri er það mér, að biðja menn að hlífa kenningum mínum í nokkru, fyrir það eitt að þær eru af íslenskum anda sprotnar; en varast ætti hver, að meta íslenska hugsun minna, einungis af því að hún er ekki aðfengin. Slíkt miðar ekki til þjóðþrifa. Það er ekki af tómrí eigingirni, sem mér hefir þótt leiðinlegt, að sjá suma þá Íslendinga, sem eljumeðir eru við lestur, láta Nýal gjalda þess að þar er íslensk bók.

25. febr.—8. mars '23.